



# FRÉTTABRÉF FRÆÐSLUNEFNDAR FIE

31. ÁGÚST 2007

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

INNGANGUR	1
NÝ BÓK UM INNRI ENDUR- SKOÐUN	1
MORGUN- VERÐARFUNDIR Á DÖFINNI	2
GEYMSLA GAGNA	2
EFNI HAUST- RÁÐSTEFNU 2007	3
MORGUN- VERÐARFUNDIR Í MARS OG APRÍL SL.	4
AUDITNET.ORG	5

## INNGANGUR

Megintilgangur fréttabréfsins er kynning á haustráðstefnu félagsins, sem haldin verður í nóvember nk. Að þessu sinni er umfjöllunarefnið starfsemi lítilla innri endurskoðunar-deilda. Líklega falla flestar íslenskar innri endurskoðunar-deildir í þann flokk að teljast litlar á alþjóðlegan mælikvarða og því vonast fræðslunefndin til þess að haustráðstefnan muni gagnast öllum félagsmönnum. Fyrirlesari mun koma frá IIA og munu fyrirlestrar fara fram á ensku.

Í fréttabréfinu verður einnig fjallað um það starf sem var á vegum félagsins á fyrri hluta ársins 2007, en nokkrir velheppnaðir morgunverðarfundir hafa verið haldnir það sem af er árinu.

2/3 hlutar fræðslunefndar sótti alþjóðaráðstefnu IIA sem haldin var í júlí 2007. Margt áhugavert kom fram á ráðstefnunni sem mun væntanlega móta starf nefndarinnar nokkuð á næstu mánuðum.

Í maí sl. stóð fræðslunefndin fyrir því að halda CIA-próf. Ánægjulegt er að greina frá því að a.m.k tveir félagsmenn náðu þeim áfanga að ljúka síðustu prófunum. Næst mun fræðslunefndin standa fyrir CIA-prófum dagana 14. og 15. nóvember nk. Það mun verða í síðasta skipti sem prófin verða haldin með hefðbundnu sniði. Frá ársbyrjun 2008 verður fyrirkomulag prófanna með breyttu sniði því prófin verða þá alfarið tekin í tölvum í stað pappírs eins og nú.

## NÝ BÓK UM INNRI ENDURSKOÐUN - ÆTTI AÐ VERA SKYLDUEIGN Í HVERRI INNRI ENDURSKOÐUNARDEILD

Á alþjóðaráðstefnu IIA nú í sumar var tilkynnt um útgáfu á nýrri bók um innri endurskoðun. Fyrstu eintök bókarnar voru seld á ráðstefnunni. Bók þessi heitir „**Internal Auditing: Assurance & Consulting Services**“. Bókin er hugsuð sem háskólakennslubók um innri endurskoðun. Mikið er gefið út af bókum um innri endurskoðun á hverju ári. Ekki er ástæða til að gera „forsíðufrétt“ um þær allar. Þessi bók ætti hins vegar að standa vel undir því og hvetur fræðslunefndin félagsmenn til að kynna sér þessa bók.

Bókin ætti að vera til í sem flestum innri endurskoðunar-deildum þannig að nýir starfsmenn hafi aðgengilegt efni um innri endurskoðun.


Með bókinni fylgir geisladiskur sem hefur að geyma prufuútgáfur af ACL og IDEA hugbúnaðarkerfunum. Þau geta verið mjög gagnleg stoðtæki við greiningu gagna með raf-rænum hætti.

Bókin kostar \$75 fyrir félagsmenn í bóksölu IIA á Netinu.

Í sumar var keypt eitt eintak af bókinni fyrir bókasafn FIE. Þeir sem áhuga hafa á að fletta í

## ÁHUGAVERÐ ATRÍÐI:

- **Haustráðstefna félagsins verður haldin dagana 26. og 27. nóvember nk. Fjallað verður um starfsemi lítilla innri endurskoðunar-deilda.**



gegnum bókina áður en þeir ákveða hvort þeir vilja kaupa hana geta því nálgast hana á bókasafninu.

## MORGUNVERÐARFUNDIR Á DÖFINNI HAUSTIÐ 2007

**Morgunverðarfundir**

Stefnt er að því að halda nokkra morgunverðarfundir núna á haustmisseri. Ef félagsmenn hafa tillögur um áhugavert umfjöllunarefni þá þætti fræðslunefndinni fengur í því að fá að heyra um það. Allar ábendingar um áhugaverð efni og fyrirlesara eru afar vel þegin. Sérstaklega væri áhugavert ef félagsmenn væru tilbúnir til að miðla til annarra félagsmanna um þær aðferðir sem þeir telja að reynist vel í starfinu og geti gagnast öðrum.

**Sept. - Alþjóðaráðstefna IIA**

Í september er ætlunin að halda morgunverðarfund um það helsta sem kom fram á alþjóðaráðstefnu IIA sl. sumar í Hollandi. Nokkrir félagsmenn munu fjalla um þau atriði sem þeim fannst áhugaverðust á ráðstefnunni.

**Nóv. - Leynigestur frá IIA**

Í nóvember er reiknað með að halda morgunverðarfund með aðila frá IIA sem staddur verður hér á landi þá. Umfjöllunarefnið er óljóst sem stendur en af mörgu er að taka. Fundurinn

verður kynntur betur síðar.

**Undirbúningur fyrir CIA-próf**

Fræðslunefndin fyrirhugar að standa fyrir undirbúningi fyrir þá sem ætla að fara í CIA-próf í nóvember nk. ef nægur áhugi verður fyrir slíku. Ráðgert er að hópurinn sem ætlar í prófin hittist fjögur kvöld á tímabilinu 18. október til 8. nóvember 2007. Farið verður yfir prófhlutana fjóra þannig að einu kvöldi verður varið í hvern hluta. Í þessari yfirferð verður gengið út frá CIA-námsefni frá Gleim sjá: [www.gleim.com](http://www.gleim.com).



## GEYMSLA GAGNA—MORGUNVERÐARFUNDUR Í JÚNÍ

Í júní sl. var haldin sameiginlegur morgunverðarfundur með upplýsingaöryggishóp Stjórnvísí. Umfjöllunarefnið var geymsla rafrænna gagna út frá mismunandi sjónarmiðum. Á fundinum kom fram sjónarmið Persónuverndar sem er í stórum dráttum að geymslutími eigi að vera eins stuttur og mögulegt er. Einnig kom fram sjónarmið Þjóðskjalasafns sem er í grundvallaratriðum að geyma gögn sem lengst þannig að sagnfræðingar framtíðarinnar hafi eitthvað efni til að móða úr. Á milli þessara tveggja póla lenda síðan fyrirtæki og stofnanir sem þurfa til viðbótar að taka tillit til ýmissa praktískra atriða. Praktísku vandamálin eru t.d. hversu lengi á að geyma ýmis gögn

sem verða til í tölvukerfum og á hvaða formi er best að geyma þau. Ýrtruðu kröfurnar um geymslu gagna koma frá aðilum eins og Þjóðskjalasafninu og heilbrigðiskerfinu s.s. vegna upplýsinga sem tengjast sjúkrasögu. Það er mikilvægt að geyma sjúkrasögu og það sem henni tengist í a.m..k. líftíma sjúklinga. Þetta er væntanlega mikið umhugsunarefni fyrir heilbrigðisstofnanir svo dæmi sé tekið. Annar vinkill sem áhugavert er að skoða er geymsla á tölvupósti og gögnum úr öðrum rafrænum samskiptakerfum og kerfisdagbækur af ýmsum toga. Á undanförunum árum hafa samskipti verið að færast úr formlegum bréfaskiptum yfir í form

tölvupósts. Þessi þróun á eftir að eflast á næstu árum því að mikil áhersla er á að auka vægi rafrænna samskipta og rafrænnar stjórnsýslu. Hugsanlegt er að þegar sagnfræðingar framtíðarinnar fara að skoða lok 20. aldar og upphaf þeirrar 21. þá muni þeir ekki finna mikið af samtímaheimildum því að búið verði að eyða stærstum hluta þeirra, t.d. vegna reglna sem takmarka geymslutíma gagna. Hvort sem slíkt er gert undir yfirskyni persónuverndar eða af praktískum ástæðum s.s. vegna örrar þróunar tölvutækninnar, takmarkaðs líftíma geymslumiðla og vandamála við að færa gögn á milli ólíkra forma og ólíkra útgáfa geymslumiðlanna.

Fræðslunefnd  
hvetur félags-  
menn til þess  
að senda sér  
ábendingar um  
áhugaverð efni  
og fyrirlesara  
sem erindi gætu  
átt við félags-  
menn.



Fundarmenn á morgunverðarfundum vorið 2007

## EFNI HAUSTRÁÐSTEFNU 2007

Haustráðstefna félagsins verður haldin dagana 26. og 27. nóvember nk. á Hótel Sögu. Reynt verður að stilla ráðstefnugjaldi í hóf en áætlað er að það verði 55.000 kr.

Um takmarkað sætaframbod er að ræða þannig að menn eru hvattir til þess að skrá sig sem fyrst. Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna með því að senda tölvupóst á netfangið [fi@fie.is](mailto:fi@fie.is).

### UMFJÖLLUNAREFNI

„Small Audit Shop— Challenges, Opportunities & Emerging Practices“. Þetta er uppfærð útgáfa af mjög vinsælu námskeiði sem haldið hefur verið á vegum IIA. Við ætlum því að þetta sé gott námskeið sem ætti

að vera gagnlegt fyrir flesta félagsmenn.

### FYRIRLESARI

Fyrirlesari á ráðstefnunni verður Donald Espersen. Hann er þaulreyndur fyrirlesari frá IIA auk þess sem hann er m.a. einn af höfundum bókarinnar „The Internal Auditor's Role in Corporate Governance: Sarbanes-Oxley Compliance“ til viðbótar því að vera einn af „co-editors“ hjá mál gagni IIA, Internal Auditor, sem þið öll kannist væntanlega við. Greinar eftir Donald er að finna í nokkrum síðustu tölublöðum. Það ætti því að vera mikill fengur af því að fá hann hingað til lands til þess að messa yfir félagsmönnum.

### GRÓF DAGSKRÁ

1. *Adding Value and Maintaining Independence*
2. *Creating Business Risk-Based Audit Plan*
3. *Doing more with Less: Staffing Strategies and Practices*
4. *Emerging Internal Audit Roles: Opportunities and Challenges*
5. *Building a Better Audit Process*
6. *“Rightsizing” Your Quality Assurance & Improvement Program*
7. *Putting it All Together*

Nánari lýsingu á umfjöllunarefninu er hægt að finna á vef IIA, [www.theiia.org](http://www.theiia.org).



Áhugavert  
umfjöllunarefni  
og fyrirlesari á  
haustráðstefnu  
nni í ár.

## MORGUNVERÐARFUNDIR Í MARS OG APRIL 2007

Í mars sl. stóð félagið fyrir morgunverðarfundum í samstarfi við heilbrigðishóp Stjórnvísu sem bar yfirskriftina: **Áhættustjórnun hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi og Reykjavíkurborg**. Fjallað var um ávinning áhættustjórnunar fyrir stjórnendur LSH og sagt frá framkvæmd og ávinningi af klínísku áhættumatum sem unnið var á geðsviði í lok ársins 2006. Einnig var fyrirkomulag við áhættumat hjá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar kynnt og rætt um þann ávinning og um-

bótatækifæri sem sú vinna hefur haft í för með sér.

Í apríl sl. stóð félagið síðan fyrir morgunverðarfundum sem bar yfirskriftina: **Ávinningur Decode af innleiðingu á Sarbanes– Oxley (SoX)**. Þar kom fram að innleiðingin á SoX, sem fyrirtækinu bar skylda til að fara út í þar sem það er skráð á bandarískum markaði, hefur haft ýmis tækifæri í för með sér. Fjallað var um af hverju fyrirtækið fór í þessa innleiðingu, hvernig það var framkvæmt, hvernig til tókst og hver ávinningurinn hefur

verið. Helsti ávinningurinn er fólgin í því að innleiðinguna mátti nota sem rökstuðning fyrir því að staðla verkferla, koma betra skipulagi á rannsóknarstarfseminu, gera skráningu á ferlum markvissa, eyða tvíverknaði og tryggja að áhersla sé lögð á lykileftirlitshætti. Helsti ókostur við innleiðinguna var hins vegar mikill kostnaður. Framsögumenn voru þó á því að sá kostnaður myndi skila sér fyrr en síðar.



Magna F. Birnir var meðal fyrirlesara á morgunverðarfundum í mars 2007.

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)

FÉLAG UM INNRI  
ENDURSKOÐUN



Sóltún 6

105 Reykjavík

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

Fræðslunefnd FIE

Nanna Huld Aradóttir, CIA

Kristín Kalmansdóttir, CIA

Albert Ólafsson, CISA, CIA

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu, auk þess að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - [www.theiia.org](http://www.theiia.org)

**FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI  
( PROGRESS THROUGH SHARING )**



[WWW.AUDITNET.ORG](http://WWW.AUDITNET.ORG)

Á alþjóðaráðstefnu IIA sl. sumar var Jim Kaplan heiðraður sérstaklega fyrir framlag hans til innri endurskoðunar. Jim Kaplan er innri endurskoðandi sem í meira en 10 ár hefur haldið úti heimasíðu með ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir þá sem vinna að innri endurskoðun s.s. endurskoðunarleiðbeiningum, gátlistum, tölvuforritum og tenglum í atriði sem að gangi kunna að koma við innri endurskoðun. Einn úr fræðslunefndinni hitti Kaplan á ráðstefnunni og átt

við hann áhugavert spjall. Í því spjalli benti Kaplan á nýtt áhugavert verkfæri fyrir innri endurskoðun sem er að finna á [www.ezrstats.com](http://www.ezrstats.com) og Mike Blakely nokkur skrifaði. Hér er einkum um að ræða mjög sniðuga viðbót við (addin) Excel. Það ber nafnið XL AUDIT COMMANDER og bætir ýmsum gagnlegum aðgerðum við Excel sem ættu að geta nýst vel við innri endurskoðun. Sumar þeirra aðgerða sem er að finna í Ezrstats eru svipaðar þeim sem finna má í

forritum eins og ACL og IDEA. Helstu kostir við XL AUDIT Commander er að kerfið er innbyggt í Excel, auk þess sem ekki þarf að greiða fyrir það eða notkun þess. Helsti ókosturinn við forritið er að biðlun/miðlun högun þess felur í sér að hluti af úrvinnslunni fer fram á netþjóni í Pennselvaníu fylki í USA. Því er varla hægt að mæla með notkun þessa kerfis fyrir úrvinnslu á viðkvæmum trúnaðarupplýsingum.

**AuditNet®**